

# BEITUKÓNGUR – COMMON WHELK

## *Buccinum undatum*

### RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2020/2021 verði ekki meiri en 264 tonn í Breiðafirði.

*MFRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2020/2021 should not exceed 264 tonnes in Breiðafjörður.*

### STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Staðlaður afli á sóknareiningu í Breiðafirði lækkaði frá 2003–2012 en hefur hækkað síðan 2017.

*Standardized CPUE in Breiðafjörður declined from 2003–2012 but has increased since 2017.*



**Beitukóngur.** Afli og staðlaður afli á sóknareiningu. Rauðar láréttar línur sýna meðalafla á sóknareiningu fyrir árin 2015–2017 og 2018–2019 sem eru notaðar við útreikninga ráðgjafar.

**Common whelk.** Catches and standardized CPUE index. Red horizontal lines indicate average CPUE for 2015–2017 and for 2018–2019 used in the advice calculations.

## FORSENDUR RÁÐGJAFAR – BASIS OF THE ADVICE

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og staðlaður afli á sóknareiningu. <i>Catches and standardized CPUE</i>

Ráðgjöfin byggir nú í fyrsta skipti á breytingum í stöðluðum afla á sóknareiningu þar sem tekið er tillit til breytileika milli ára, mánaða og svæða (smáreita).

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2020/2021 er byggð á hlutfalli milli meðaltals staðlaðs afla á sóknareiningu síðustu tveggja ára (Vísitala A) og þriggja ára þar á undan (Vísitala B) margfaldað með ráðgjöf síðasta árs. Í ár er breytingin meiri en 20% og sveiflujöfnun því beitt, sem takmarkar breytinguna við 20%.

*The advice is now based on trends in a standardized CPUE which takes into account variability between years, months and area (statistical squares).*

*The ICES framework for category 3 stocks, for which analytical assessment is not possible but trends in biomass indicators are assumed to reflect changes in stock dynamics, was applied ([ICES, 2012](#)). The advice in 2020/2021 is based on the ratio of the mean of the last two standardized CPUEs (Index A) and the mean of the three preceding values (Index B) multiplied by the latest advice. When the change exceeds 20% the uncertainty cap is applied, limiting the change to 20%, which was the case here.*

**Beitukóngur.** Útreikningar ráðgjafar.

**Common whelk.** Advice calculation.

Vísitala A (2018–2019) – Index A (2018–2019)		0.56
Vísitala B (2015–2017) – Index B (2015–2017)		0.38
Hlutfall vísitalna (A/B) – Index ratio (A/B)		1.46
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Beitt – Applied	1.2
Varúðarlækkun – Precautionary buffer	Ekki beitt – Not applied	
Ráðgjöf fyrir 2020/2021 – Catch advice for 2020/2021		264

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

**Beitukóngur.** Tillögur um hámarksafla í Breiðafirði og afli (tonn).

**Common whelk.** *Recommended TAC in Breiðafjörður, and catches (tonnes).*

Fiskveiðiár <i>Fishing year</i>	Tillaga <i>Rec. TAC</i>	Aflamark <i>National TAC</i>	Afli <i>Catches</i>
2010/11	-	-	406
2011/12	-	-	438
2012/13	750	-	268
2013/14	750	-	0
2014/15	750	-	165
2015/16	750	-	332
2016/17	750	-	186
2017/18	500	-	171
2018/19	500	-	324
2019/20	220	-	
2020/21	264	-	

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>

MFRI Assessment Reports 2020. Common whelk. Marine and Freshwater Research Institute, 16 June 2020.